

Frumvarp til laga

um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um stjórnslu búvörumála (flutningur málefna búnaðarstofu).

(Eftir 2. umræðu, 12. júní.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um búfjárhald, nr. 38/2013.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Í stað 2. másl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Ráðherra er heimilt að framselja stjórnsluvald samkvæmt lögum þessum til stjórnvalds. Þá er heimilt, með samningi, að fela aðila utan stjórnslunnar framkvæmd eftirlits.
- b. 2. másl. 2. mgr. fellur brott.

2. gr.

Orðin „Matvælastofnun heldur utan um og“ í 1. tölul. 3. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:
Umráðamönnum búfjár er skylt að skila haustskýrslu með rafrænum hætti í Bústofn eigi síðar en 20. nóvember hvert ár.
- b. 3. mgr. fellur brott.
- c. Í stað 4. og 5. mgr. kemur ein málsgrein, svohljóðandi:
Heimilt er að fara í árlega skoðun til allra umráðamanna búfjár til þess að sannreyna upplýsingagjöf skv. 2. mgr. Skoðun hjá umráðamönnum búfjár sem ekki skila inn fullnægjandi gögnum skal framkvæmd á kostnað þeirra.
- d. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 1. másl. 6. mgr. kemur: Ráðherra.
- e. Í stað orðsins „Matvælastofnunar“ í 2. másl. 6. mgr. kemur: ráðherra.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

- a. 1. másl. 1. mgr. orðast svo: Umráðamanni búfjár er skylt að heimila aðgang að gripahúsum og/eða beitolöndum í þágu upplýsingaöflunar samkvæmt lögum þessum.
- b. 2. mgr. orðast svo:
Umráðamönnum búfjár sem njóta opinberra greiðslna í landbúnaði þar sem fjöldi gripa er grundvöllur greiðslu er skylt að veita atbeina sinn við að staðreyna fjölda gripa með talningu, m.a. með því að heimila aðgang að gripahúsum og/eða beitolöndum. Sinni umráðamaður búfjár ekki slíkri skyldu er heimilt að fella niður opinberar greiðslur sem

grundvallast á talningunni þar til umráðamaður búfjár sinnir skyldu sinni samkvæmt ákvæðinu.

5. gr.

Orðið „Matvælastofnunar“ í 3. tölul. 13. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Orðið „Matvælastofnunar“ í e-lið 1. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.

II. KAFLI

Breyting á búnaðarlögum, nr. 70/1998, með síðari breytingum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ kemur: Ráðherra.
- b. Við greinina bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Heimilt er, með samningi, að fela stjórnvaldi eða aðila utan stjórnýslunnar þetta eftirlit.

III. KAFLI

Breyting á búvörulögum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

8. gr.

Við 3. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ráðherra er heimilt að framselja stjórnýsluvald samkvæmt lögum þessum til stjórnvalds.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Matvælastofnun er heimilt að“ í 1. mgr. kemur: Heimilt er að.
- b. Orðið „Matvælastofnun“ í 4. mgr. fellur brott.

10. gr.

Í stað orðanna „Matvælastofnun skal halda“ í 1. mgr. 38. gr. laganna kemur: Halda skal.

11. gr.

Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 4. og 5. mgr. 39. gr. laganna kemur: ráðherra.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 52. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Matvælastofnunar“ í 3. másl. kemur: ráðherra.
- b. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 4. másl. kemur: Ráðherra.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 53. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Matvælastofnun skal halda“ í 1. mgr. kemur: Halda skal.
- b. 2. másl. 3. mgr. fellur brott.

14. gr.

Í stað orðsins „Matvælastofnunar“ í 2. mgr. 54. gr. laganna kemur: ráðherra.

15. gr.

Í stað orðanna „Matvælastofnun skal halda“ í 2. mgr. 59. gr. laganna kemur: Halda skal.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 77. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Matvælastofnun skal safna“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: Safna skal.
- b. Orðið „Matvælastofnun“ í 2. másl. 1. mgr. fellur brott.
- c. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 2. mgr. kemur: ráðherra.
- d. Orðin „við störf stofnunarinnar“ í 2. mgr. falla brott.

17. gr.

Við 1. másl. 3. mgr. 82. gr. laganna bætist: ef við á.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um Matvælastofnun, nr. 30/2018.

18. gr.

Orðin „og stuðningsgreiðslur í landbúnaði“ í a-lið 2. gr. laganna falla brott.

V. KAFLI

Breyting á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013, með síðari breytingum.

19. gr.

Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 1. másl. 4. mgr. 37. gr. laganna kemur: ráðherra.

VI. KAFLI

Gildistaka o.fl.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2020.

Starfsmenn búnaðarstofu Matvælastofnunar sem eru í starfi við gildistöku laganna verða starfsmenn hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu með sömu ráðningarkjörum og áður giltu. Um rétt starfsmanna til starfa hjá ráðuneytinu fer eftir ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, eins og við á. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.